



Alþingi - Nefndarsvið  
Velferðarnefnd  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. janúar 2023  
Tilvísun: 2023010165/50.12

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, 530. mál**

Vísað er erindis velferðarnefndar Alþingis dags. 5. janúar 2023 þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir (innihaldsefni, umbúðir ofl.) nr. 6/2002, 530. mál.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) gefur eftirfarandi umsögn um frumvarpið.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur bendir á að í núgildandi 11. mgr. 8. gr. laga nr. 6/2022 segir að leyfi til þess að selja tóbak í smásölu verði “einungis veitt einstaklingum eða lögaðilum sem fullnægja almennum skilyrðum laga um verslunaratvinnu”. Fyrirliggjandi frumvarp gerir ekki ráð fyrir að þessu skilyrði sé breytt þrátt fyrir að lög um verslunaratvinnu nr. 28/1998 hafi verið felld úr gildi skv. 10. gr. laga nr. 27/2021. Þetta er því nauðsynlegt að lagfæra og jafnframt að skýra hvaða skilyrði umsækjandi um tóbakssöluleyfi þarf að uppfylla til þess að fá útgefið leyfi.

HER telur þá einnig að setja þurfi reglur um fjarsölu, þó hún fari ekki yfir landamæri. Við gildistöku eldri laga frá 2002 var fjarsala ekki inni í myndinni og af þeim sökum engar reglur settar um slíkt sölufyrirkomulag. Nú þegar fjarsala á netinu hefur sótt í sig veðrið er hins vegar þörf á að skýra hvort slík sala sé heimil innanlands. Verði fjarsala á tóbaki heimiluð þarf að vera skýrt hvaða skilyrði skuli uppfylla til þess að viðkomandi einstaklingur eða lögaðili fái leyfi til að selja tóbak í fjarsölu en einnig þarf að setja skýran ramma um það hvernig tryggt verði að ákvæðum laganna verði fylgt í fjarsölu, t.a.m. hvernig koma megi í veg fyrir að einstaklingar undir 18 ára aldri geti keypt tóbak í gegnum slíka sölu og hvernig tryggja megi sýnileikabann 6. mgr. 7. gr. laganna.

Ekki eru gerðar aðrar athugasemdir við frumvarpið af hálfu HER.

Virðingarfyllst  
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Rósa Magnúsdóttir  
deildarstjóri Umhverfiseftirlits